

SAMÞYKKT

um afgreiðslur byggingarnefndar Fjarðabyggðar.

1. gr.

Byggingarfulltrúi Fjarðabyggðar fer með verkefni sem mælt er fyrir um í lögum nr. 160/2010 um mannvirki og ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna, þar á meðal útgáfu byggingarleyfa.

2. gr.

Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis af hálfu byggingarfulltrúa samkvæmt III. kafla laga um mannvirki er að eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd hafi samþykkt útgáfuna, en eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd annast verkefni byggingarnefndar, sbr. samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 567/2013 og 7. gr. laga um mannvirki.

3. gr.

Byggingarfulltrúi skal hafa samráð við eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd um hvert það mál sem hann telur að varði verksvið nefndarinnar.

Byggingarfulltrúi skal leita samþykkis eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar áður en byggingarleyfi er veitt, varði breyting á mannvirki útlit þess og form, nema breyting sé óveruleg, sbr. 5. mgr. 9. gr. laga um mannvirki.

4. gr.

Um málsmeðferð gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, laga nr. 160/2010 um mannvirki, skipulagslaga nr. 123/2010, samþykktar um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 748/2018 og stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

5. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um afgreiðslu byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar nr. 824/2003.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 29. október 2018.

F. h. r.

Hafsteinn Pálsson.

William Freyr Huntingdon-Williams.